

Alþjóðasamband endurskoðenda (IFAC)

IFAC – (The International Federation of Accountants) Alþjóðasamband endurskoðenda var formlega stofnað á ráðstefnu endurskoðenda í München árið 1977. Til IFAC teljast nú 157 félög frá 122 löndum með um 2,5 milljónir endurskoðenda innan sinna vébanda. Stjórn IFAC samanstendur af 21 fulltrúum frá 18 aðildarsamtökum. Framkvæmdastjóri er Ian Ball.

Markmið IFAC er að viðhalda sífelldri þróun stéttarinnar og samræma staðla sem endurskoðendur starfa eftir. Með því má tryggja að störf endurskoðenda í þágu samfélagsins verði alltaf í hæsta gæðaflokki.

Til að ná fram markmiðum IFAC starfa ýmsar fastanefndir og vinnuhópar. Fastanefndirnar hafa hver um sig skilgreind hlutverk. Nefndirnar eru:

Compliance Advisory Panel	Developing Nations Committee	International Accounting Education Standard Board
International Auditing and Assurance Standard Board	International Ethics Standards Board for Accountants	International Public Sector Accounting Standards Board
Nominating Committee	Professional Accountants in Business Committee	Small and Medium Practices Committee
Transnational Auditors Committee		

Stjórn IFAC í samstarfi við fastanefndir og vinnuhópa gefur út staðla á eftirfarandi sviðum:

- International Standards on Auditing, Assurance Engagements and Related Services
- International Standards on Quality Control
- International Code of Ethics
- International Education Standards
- International Public Sector Accounting Standards

Núverandi formaður sambandsins er Robert Bunting frá USA. Fulltrúi NRF í framkvæmdastjórn IFAC er Svíinn Göran Tidström.

Kristrún Helga Ingólfssdóttir var frá og með 1. janúar 2007 kjörin sem fulltrúi Norræna endurskoðendasambandsins (NRF) í Menntunarnefnd IFAC, „International Accounting Education Standard Board“, til þriggja ára, en það er í fyrsta skipti sem fulltrúi FLE tekur beinan þátt í störfum nefndar eða vinnuhóps IFAC. Hún var endurkjörin á aðalfundi IFAC í nóvember 2009 til næstu þriggja ára.

IFAC gefur út mikið af lesefni sem unnt er að nálgast á heimasíðu samtakanna <http://www.ifac.org> Á heimasíðunni eru upplýsingar um aðildarfélög IFAC og fleira sem fróðlegt er að skoða.